

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Vinagerði

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	7
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári	9
3 Ytra mat	10
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	11
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	13
7 Foreldrasamvinna	14
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	15
9 Skipulagsdagar	16
10 Fylgigögn	16
10.1 Matsgögn	16
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	16

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

GLEÐI gerum hvern dag að degi gleðinnar.

HVATNING hrós, viðurkenning, traust.

NÆRGÆTNI umhyggja, virðing og samkennd.

1 Greinagerð leikskólastjóra

Ég Harpa Ingvadóttir tók við sem leikskólastjóri í Leikskólanum Vinagerði 15. maí 2018. Leikskólinn Vinagerði er þriggja deilda og eru hér 62 börn. Fljótlega urðu töluverðar mannabreytingar þar sem starfsfólk hafði ákveðið að fara annað eða hætti sökum aldurs. Einnig var nokkuð um að fólk væri í veikindaleyfi til lengri eða skemmri tíma. Veturinn var búin að vera erfiður og merkti ég það vel á starfsfólki sem lá ekki á skoðunum sínum. Það var vel tekið á móti mér og ég fann strax að fólk var tilbúið í einhverjar breytingar.

Sumarið gekk vel og var starfsmannahópurinn góður og náði vel saman en margir voru einungis yfir sumarið. Þegar leikskólinn lokaði 11. júlí taldi ég mig vera nánast búna að ráða inn fyrir haustið og voru áætlanir gerðar samkvæmt því. Í stuttu máli þá urðu samt töluverðar breytingar í lokuninni þar sem starfsmenn voru að fá stöður sem þeir höfðu sóst eftir frekar en að vinna í leikskóla t.d. tveir í grunnskóla. Haustið byrjaði í nokkurri undirmönnun og mikið af nýju starfsfólki en með bjartsýnina að vopni ákváðum við að halda aðlögun á fyrirfram ákveðnum tímum. Stjórnendur tóku fullan þátt í því ferli en um leið náði ég að kynnast foreldrum og börnum strax í upphafi. Eins var þetta gott til að kynnast starfsmönnum betur bæði nýjum og gömlum. Þetta tafði mig frá öðrum verkefnum en ég held þegar upp er staðið þá hafi þetta verið rétt ákvörðun og styrkt mig í sessi hér.

Aðlögun gekk mjög vel en skólinn yngdist meira en tölur sýndu í vor og byrjuðu 8 börn fædd 2017 hjá okkur. Eitthvað þurfum við að skoða fræðslu til foreldra sem byrja hjá okkur en þrjú af þessum 8 börnum voru enn á brjósti og gerði það aðlögunina erfiðari fyrir alla. Nýjir deildarstjórar byrjuðu á öllum deildum strax og við opnuðum eftir frí. Einn er í afleysingu vegna langtímaveikinda hjá deildarstjóra á miðjudeildinni sem hefur verið frá síðan í mars og ekki vitað hvenær eða hvort hún kemur aftur. Mikil ánægja hefur verið með alla deildarstjórana þó tíma taki fyrir fólk að læra að vinna saman og blanda saman nýjum og gömlum áherslum. Eldri starfsmennirnir hafa margir hverjir góða reynslu og studdu þá sem voru nýjir í starfi. Breytingunum hafa flest allir tekið vel og taka fullan þátt og eru spenntir fyrir áframhaldinu. Aukin áhersla verður á samvinnu milli deilda með það að markmiði að reyna að jafna álag á deildum og nýta mannauðinn. Þetta setur samt mark sitt á

skólaþróun þar sem allir eru að feta sig á nýjum stað í nýjum hlutverkum. En hér er mikil jákvæðni fyrir að prófa eitthvað nýtt og starfsfólk spennt fyrir vetrinum.

Ákveðið var að skipta börnunum meira niður í minni hópá svo þau njóti sín betur í daglegu starfi. Í hópastarfi er markmiðið að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á fyrri þekkingu á sem fjölbreytasta hátt. Öryggi og vellíðan barna, kennara og foreldra skiptir öllu máli í góðum leikskóla. Börnum þarf að líða vel og vera örugg til að geta lært og notið sín í leikskólanum. Starfsfólki sem líður vel í starfi sínu gefur börnunum meira af sér og um leið skapar það gleði bæði hjá börnum og kennurum. Starfsfólk á að upplifa sig sem hluta af góðum hóp og allir eiga að hafa rödd. Ég legg mikla áherslu á gott foreldrasamstarf og að foreldrar séu vel upplýstir um hvað börnin þeirra eru að gera á daginn og að þeir hafi eitthvað um það að segja.

Unnið hefur verið með umhverfismennt og stærðfræði í Vinagerði og verður svo áfram í vetur. Farið verður í einhverjar breytingar í samvinnu við foreldra og starfsfólk og grunnþættir menntunar hafðir til hliðsjónar. Starfsmannahópurinn er sammála um að umhverfismennt og útikennsla skipti miklu máli í góðu leikskólastarfi. Vettvangsferðir verða á öllum deildum og markmiðið er að öll börn fái að kynnast nærumhverfi sínu og upplifa náttúruna okkar.

Ákveðið var að taka inn Leikur að læra og er aðaláherslan þar í vetur strærðfræði sem rímar vel við stefnu skólans. Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem öll kennsla er hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig. Þau upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Ég sjálf og deildarstjórinn á elstu deild þekkjum þetta námsefni vel og vitum að þetta ýtir undir læsi og börnum finnst þetta gaman. Bæði kennarar og foreldrar eru ánægð með þessa nýjung í skólanum og starfsfólk hefur fengið námskeið og foreldraverkefnið byrja eftir áramót. Innleiðing Leikur að læra inn í starfið hjá okkur og gerast LAL- skóli tekur 3-5 ár. Námskeið var haldið á starfsdegi 21. september fyrir allt starfsfólk hálfan daginn og voru allir mjög ánægðir með það. 19. október síðastliðinn fórum við á ráðstefnu í Leikur að læra með Leikur að læra skólum á landinu öllu að Ásbrú á Reykjanesi.

Við ákváðum að fara með elstu börnin í samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur og hefur það veitt bæði börnum og starfsfólki mikla ánægju auk þess sem allir læra mikið á samstarfinu. Um leið verður listsköpun eflað til muna og verður efniviður þar sem börn sjá hann og geta nálgast að einhverju leiti sjálf.

Í Vinagerði hafa verið alls konar umsjónarmenn í hverri viku að sinna alls kyns verkefnum. Nú var ákveðið af fella þetta allt undir Barn vikunnar og einfalda þannig skipulag og auka ábyrgð og ánægju hvers barns.

Við leggjum mikla áherslu á frjálsa leikinn og að börn læri í gegn um hann. Leikurinn er grunnur fyrir allt frekara nám. Leikurinn er mikilvægasta tjáningarform barna og ýtir undir skapandi hugsun þeirra og því fléttast leikurinn inn í allt leikskólastarfið. Í gegn um leikinn læra börn að umgangast önnur börn, vinna saman og þróa hugmyndir sínar og vinna úr reynslu. Við reynum að nýta opinn efnivið sem mest.

Vinastund er alla föstudaga en þá hittumst við öll í sal, syngjum saman og óskum afmælisbörnum vikunnar til hamingju.

Samstarf við Breiðagerðisskóla verður aukið og eins samstarf við nágrannaleikskólana.

Vinnustaðaheimsóknir voru kynntar á deildarkynningu elstu deildar og leitað til foreldra að bjóða elsta hópnum í heimsókn til sín á vinnustað. Gaman verður að sjá hver viðbrögðin verða við því.

Búið er að skrá Vinagerði í Heilsuefandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis sem er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Þetta á eftir að vera gott verkfæri til að halda utan um grunnþáttinn heilbrigði og velferð.

Það eina sem tekið hefur verið út er skráning í Skóla á grænni grein. Sækja hefði átt um nýja vottun 2017 sem var ekki gert. Viljum við leggja áherslu á annað núna þó við höldum áfram að vera umhverfissvæn og hugsandi.

Ég sé mikla möguleika á enn frekari þróun í námi og starfi í Vinagerði bæði innandyrna og utan. Leikskóli á að bjóða upp á sköpun og frelsi til að uppgötva. Ég er hlynnt umverfismennt og er mikið náttúrubarn og langar því að efla útinám. En góðar breytingar gerast hægt og svo er alltaf betra að hafa starfsfólk og foreldra með sér. Ég hlakka til áframhaldandi starfs hér í Vinagerði.

Heimasíðu skólans þarf að yfirfara og uppfæra og verður það gert um leið og róast og við fáum nýtt tölvukerfi.

Námsskráin verður yfirfarin í vetur og bætt inn í hana nýjum áherslum.

Starfsmannahandbók þarfnast yfirferðar og einföldunar.

Á haustmánuðum höfum við verið að endurnýja og kaupa inn ýmsan búnað og leikefni bæði fyrir börn og fullorðna.

Nokkuð hefur verið um framkvæmdir og vorum við svo heppin að fá málningu á allar deildir nú í haust sem veitti ekki af. Eftir áramót eigum við von á meiru.

Innra mat

Verið er að skoða matsaðferðir leikskólans og verður unnið að áætlun sem unnið verður út frá í framtíðinni. Við þurfum að meta starfið jafnar og oftast þannig það sé skráð jafnóðum t.d. þegar við erum með viðburði. Eins er áætlað að börnin komi frekar að matinu og fái að segja sína skoðun og eins foreldrarnir í könnunum sem lagðar verða fyrir.


Innramat má bæta og eitt af því sem við höfum bætt við er skráning í daglegu starfi. Öll börn eiga sína ferilmöppu þar sem við söfnum ýmsum skráningum um hvert og eitt barn. Nú í nóvember förum við leikskólastjóri og deildarstjóri elstu deildar saman á námskeið í innra mati. Einnig fáum við sérfræðinga á SFS til okkar með námskeið seinna í vetur fyrir allt starfsfólk. Ég tel nauðsynlegt að allt starfsfólk sé meðvitað um innra mat og að um leið auki það faglega sýn á starfið.

Lítið sem ekkert mat var gert í Leikskólanum Vinagerði veturinn 2017-2018 og þess vegna fylgir það ekki með hér.

Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá



þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stutttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári

Hér eiga að koma helstu áherslur í skólaþróun á árinu og annað sem kemur að fagmennsku.

Afritið þennan kafla eins oft og deildar fjöldi leikskólans segir til um.

Innra mat xxxdeildar

- Hér á að koma stutt samantekt um helstu niðurstöður, styrkleika og veikleika innra mats frá síðasta starfsári (2017-2018).
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*).
Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

2 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári?

Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- Hver gerði matið?
- Hver var tilgangurinn?
- Matsaðferð.
- Helstu niðurstöður.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum ytra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*).

Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

3 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Ekki var sérkennslustjóri í Vinagerði á síðasta starfsári og þarf að taka sérkennsluna fastari tökum.

Ráðin var sérkennslustjóri í haust í 75 % stöðu. Hún er menntuð leikskólakennari en er í viðbótardiplómu í sérkennslufræðum. Sérkennslustjórastaða í Vinagerði er 50 % en vegna barna af erlendum uppruna gátum við bætt við 25 %.

Ekki hefur verið ráðið í sérkennslu að fullu en í dag sinnir grunnskólakennari sem er í viðbótardiplóma í sérkennslufræðum 40 % starfi í atferlisþjálfun fyrir barn með einhverfu sem er í greiningarferli.

Annar grunnskólakennari sinnir sérkennslu í tímavinnu vegna stúlku sem er með tíma í stuðning.

Tvö börn njóta sérkennslu og eru í 2. flokki en eins og áður sagði er annað barnið í greiningarferli og þarf eftirfylgni allan daginn.

Snemmtæk íhlutun í Vinagerði felur í sér að við viljum byrja strax að vinna með börnum sem við sjáum að fylgja ekki jafnöldrum sínum í þroska. Þeim er þá skipt niður í fámenna hópa eftir þroska og getu hvers og eins. Við veitum þeim markvissan stuðning.

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er notuð til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir að verða í erfiðleikum með lestrarnámið í grunnskólanum. Þetta próf er lagt fyrir að hausti og ef barn greinist þar undir meðalfærni viljum við veita því strax markvissa málörvun í samráði við foreldra.

EFI prófið er lagt fyrir 3 ára börn í leikskólanum sem skimun á málþroskavanda ef við teljum ástæðu til. Talað hefur verið um að leggja það fyrir öll 3 ára börn í framtíðinni en ekki verið fastákveðið. Ef að börn koma slök úr EFI þá fer af stað markviss málörvun í litlum hópum.

Gott samstarf er á milli starfsfólks og sérkennslustjóra. Starfsfólk leitar til sérkennslustjóra með ýmis málefni er varða hegðunarfrávik, hópastarf og þjálfun barna sem njóta sérkennslu og ráðgjöf um námsefni sem notað er inn á deildum. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámsskrá í samráði við deildarstjóra og foreldra. Sérkennslustjóri situr alla deildarstjórafundum og situr deildarfundum sé þess óskað. Eins ef hann þarf að koma skilaboðum til starfsfólks á viðkomandi deild.

Sérkennslustjóri sinnir fræðslu og ráðgjöf til foreldra. Situr teymisfundum og aðstoðar eftir þörfum.

Gott samstarf er við þjónustumiðstöð og sérkennsluráðgjafa og koma þeir reglulega í heimsókn til að fylgjast með þeim börnum sem eru með sérkennslutíma auk þess sem þeir sitja alla teymisfundum.

- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*).
Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

4 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Skoða þarf vel hvernig unnið er með fjölmenningu í leikskólanum og auka þá vinnu svo um munar. Í leikskólanum Vinagerði eru 19 börn af erlendum uppruna og er það nær þriðjungur barna í skólanum. Foreldrar barnanna koma frá 12 þjóðlöndum og er því mikil fjölbreytni bæði í tungumálum og menningu. Hengdir eru upp fánar viðkomandi landa og hugmynd er um að vinna með þjóðhátíðadaga landanna. Tengiliðir fjölmenningar í leikskólanum eru leikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Til að efla mál og læsi barnanna verðum við með skipulega málörvun fyrir börn af erlendum uppruna. Spilum mikið, lesum, syngjum, förum með þulur og notum námsefnið Lubbi finnur málbein þar sem íslensku máhljóðin eru sýnd og sungin. Fylgst verður með framförum barnanna og þau skráð niður. Ef á þarf að halda leitum við leiða til að aðstoða barnið við að ná framförum. Leiðir til þess eru margar og hægt að notfæra sér upplýsingar á Allir með og Tungumál er gjöf svo dæmi sé tekið en þá vefi er gott að nýta til samskipta og hugmynda. Þessi vinna verður skipulögð í vetur og sett í fastari skorður þó vinnan með börnin byrji strax. Hugmyndin er að útbúin verði nákvæm móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna og að foreldrar barnanna fái sinn tengilið strax í byrjun leikskólagöngu. Leitað verður leiða til að senda starfsfólk á námskeið í fjölmenningu og eins fengnir ráðgjafar hingað til okkar.

Við leggjum upp úr góðu foreldrasamstarfi og geta foreldrar leitað til okkar eftir ráðgjöf. Við hvetjum foreldra af erlendum uppruna að tala móðurmálið við barnið og lesa fyrir það. Við aðstoðum foreldra sem þess þurfa eða óska að sækja um í talþjálfun og / eða iðjuþjálfun. Reglulegir teymisfundir eru með þeim börnum sem að njóta stuðnings.

Við leggjum áherslu á að hafa túlk í fyrsta viðtali og þar er farið í gegnum allar grunnupplýsingarnar og hvernig aðlöguninni verður háttað. Við skipuleggjum aðlögunina eftir aðstæðum og sum börn þurfa lengri tíma en önnur. Reynt er að koma öllum upplýsingum til skila og foreldrarnir fá tækifæri til að spyrja út í starfið. Í foreldraviðtölum er alltaf túlkur sem hefur auðveldað foreldrasamskipti, minnkað líkur á misskilningi og auðveldað upplýsingagjöf. Eins reynum við að hafa allar upplýsingar og tilkynningar sem við getum á mörgum tungumálum. Til er mikið af efni sem deildarstjórar og aðrir starfsmenn nýta sér. Fimm starfsmenn eru í Vinagerði af erlendum uppruna en tala flestir ágæta íslensku en um leið geta þeir létt undir í samskiptum með sínu tungumáli oft á tíðum.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í upphafi starfsferils míns ákvað ég að boða alla í starfsviðtöl í lok maí. Ég ákvað að tala við alla, líka þá sem höfðu ákveðið að hætta, til að fá skýrari mynd af starfsumhverfinu. Þarna kom ýmislegt í ljós

sem betur mátti fara í starfsmannamálum og samvinnu í Vinagerði. Unnið hefur verið að því að bæta starfsmóralinn og er sú vinna enn í gangi. Flestir upplifa meiri starfsánægju í Vinagerði en áður og er það vel.

Starfsþróunarviðtöl verða haldin árlega hér eftir á vorönn í febrúar til mars. Starfsfólk fær undirbúningsblöð og er boðað með minnst viku fyrirvara.

Símenntun á síðasta skólaári var í lágmarki vegna manneklu og veikinda. Fyrirlestrar voru á skipulagsdögum en lítið um að starfsfólk kæmist á námskeið.

Námskeið í vetur verða bæði á starfsdögum fyrir allan hópinn og svo ef fólk óskar eftir að fara á námskeið. Til stendur að nýta námskeið sem eru í boði fyrir starfsfólk um fjölmenningu. Strax í haust fengum við námskeið í Leikur að læra og erum nýbúin að vera á ráðstefnu í þeim fræðum. Ég hef auk þess þegar bókað námskeið í Innra mati, námskeið frá Miðju máls og læsis og er ég að skoða hvað hentar best á skipulagsdögum sem eftir lifir vetrar.

Langt er síðan Vinagerði fór í námsferð bæði innanlands og utan. Ákveðið var samt að láta þennan vetur líða og stefna á að fara eitthvað skólaárið 2019-2020.

6 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði sitja þrír fulltrúar og er kosið í september á hverju ári. Áætlað að halda 3 fundi með fulltrúum í vetur og boðar leikskólastjóri til fundanna. Fundartími er auglýstur til annarra foreldra til að þeir hafi tækifæri til að senda mál inn á fundinn ef einhver eru.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári á öllum deildum. Stutt spjall að hausti í október og svo ítarlegra viðtal að vori í mars. Við leggjum áherslu á að nota túlkapjónustu þar sem við á.

Deildarkynningar voru á öllum deildum í haust þar sem farið var yfir áherslur og veittar ýmsar upplýsingar. Kynningarnar voru vel sóttar og almenn ánægja með þær og það starf sem við ætlum að leggja áherslu á.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn í byrjun nóvember 2018. Í framtíðinni verður hann haldinn í september ár hvert. Miðað er við að hafa einn til tvo af hverri deild í stjórn hverju sinni. Í haust hættu flestir í Vinagerði sem voru í foreldrafélaginu svo nú stefnir í algjöra endurnýjun. Foreldrafélagið innheimtir árgjald sem nýtt er til að greiða fyrir ýmislegt í starfsemi skólans. Þar má meðal annars nefna leiksýningar og skemmtanir, jólasvein á jólaskeiðinu, gjafir á deildir, árlega útskriftarferð

elstu barna, fræðslufundi fyrir foreldra og starfsfólk og sumarhátíð. Mér finnst líklegt að þetta verði svipað í ár.

7 Samstarf leik- og grunnskóla

Síðustu ár hefur verið lítið samstarf á milli Vinagerðis og annarra skóla í hverfinu. Ég legg mikla áherslu á gott samstarf og samvinnu milli skóla. Við funduðum í Breiðagerðisskóla um samstarf við leikskólana í hverfinu. Það eru Leikskólinn Garðaborg, Leikskólinn Jörfi og svo við í Vinagerði. Áætlun vetrarins var ákveðin og allir sammála um að gera góða hluti.

Í byrjun nóvember koma 1. bekkingar í heimsókn í gömlu leikskólana sína og á degi íslenskrar tungu 16. nóvember koma 7. bekkingar og lesa fyrir börnin. Í desember er boðið upp á heimsókn á bókasafnið í Breiðagerðisskóla í litlum hópum. Í mars fara börnin í skólann í skólastund með nesti og fara í frímínútur. Í lok maí kemur fulltrúi frá Breiðagerðisskóla í leikskólann á skilafund og fær niðurstöður og upplýsingar um börnin. Vorskólinn verður svo í júní fyrir börn og kynning fyrir foreldra. Auk þessa ætlum við leikskólarnir að samræma okkur í læsisstefnum og afhenda skólanum svo þeir séu meðvitaðir um hvað við erum að gera.

7 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar í Vinagerði 2018-2019

Föstudagur 21. September.

Föstudagur 19. Október. (Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli vetrarleyfi)

Föstudagur 23. Nóvember. (Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, starfsdagur)

Mánudagur 21. Janúar. (Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, starfsdagur)

Þriðjudagur 19. Mars. (Breiðagerðisskóli Fossvogsskóli, starfsdagur)

Mánudagur 20. Maí. (Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, starfsdagur)

8 Fylgigögn

Leikskóladagatal 2018-2019

8.1 Matsgögn

Engin matsgögn voru tiltæk

8.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

Reykjavík 26.10.2018

F. h. Leikskólans Vinagerðis
Harpa Ingvadóttir Leikskólastjóri

Reykjavík 25.10.2018

Sæl Ásdís

Hér kemur starfsáætlunin fyrir 2018-2019.

Eins og ég var búin að tilkynna lá ekki fyrir neitt mat eftir veturinn 2017-2018. Þeir sem voru deildarstjórar þegar ég byrjaði voru ýmist að hætta eða í veikindaleyfi. Ég fékk því lítið efni að vinna úr og ákvað eftir samtal við þig að sleppa matinu alveg í þessari skýrslu.

Haustið er búið að vera mjög annasamt og svo fannst mér ég þurfa að komast betur inn í og tala við nýja deildarstjóra og starfsfólkið allt til að geta gert áætlun fyrir veturinn.

Starfsmannahópurinn er að ná vel saman og flestir eru mjög spenntir fyrir vetrinum. Foreldrar eru líka ánægðir með breytingarnar svo þetta er allt á góðri leið.

Bestu kveðjur
Harpa Ingvadóttir
Leikskólastjóri
Leikskólanum Vinagerði

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: Vinagerði

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ												
1	M		1 L	12 ára afmæli Vinagerðis	1	M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1	Þ	Nýársdagur	1	F	Dagur stærðfræðinnar	1	F	Gulur dagur	1	M		1 M	Verkalýsdagurinn Barnamenningarhátíð	1	L		1 M					
2	F		2 S		2	Þ	Kynnig f. foreldra Dreka	2	F	2	S		2	M		2	L		2	L		2	Þ		2 F	Barnamenningarhátíð	2	S	Sjómanna	2	Þ			
3	F		3 M	Aðlögun barna	3	M	Kynnig f. foreldra Álfagerði	3	L	3	M		3	F		3	S		3	S		3	M		3 F	Barnamenningarhátíð	3	M		3 M				
4	L		4 Þ	Aðlögun barna	4	F	Kynnig f. foreldra Tröllagerði	4	S	4	Þ		4	F		4	M		4	M	Bolludagur	4	F		4 L	Barnamenningarhátíð	4	Þ	Útskriftaferð meistara	4	F			
5	S		5 M	Aðlögun barna	5	F		5	M	5	M		5	L		5	Þ		5	Þ	Sprengidagur	5	F		5 S	Barnamenningarhátíð	5	M		5 F				
6	M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6	L		6	Þ	6	F	Aðventukaffi f foreldra	6	S	Þrettándinn	6	M	Dagur leikskólans hús	Opið	6	M	Öskudagur	Furðufataball	6	L		6	M		6 F		6 L		
7	Þ		7 F	Rauður dagur	7	S		7	M	7	F		7	M	Þrettándagleði í eldstæði. Pálinuboð	Eldur	7	F		7	F	Foreldraviðtöl Tröllagerði	7	S		7	Þ		7	F		7 S		
8	M		8 L	Dagur læsis	8	M		8	F	Baráttudagur gegn einelti	8	L		8	Þ		8	F		8	F	Foreldraviðtöl Tröllagerði	8	M		8	M		8 L		8 M			
9	F	Leikskólinn opnar	9 S		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	L		9	L		9	Þ	Meistarar bjóða jafnöldrum heim	9	F		9 S	Hvítasunnudagur	9	Þ		
10	F		10 M		10	M	Ömmu og afa kaffi	10	L		10	M		10	F		10	S		10	S		10	M		10	F		10 M	Annar í hvítasunnu	10	M		
11	L		11 Þ		11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	M		11	M	Foreldraviðtöl Dreka	11	F		11	L		11	Þ		11 F		
12	S		12 M	Hautlaukar gróðursettir	12	F	Bleikur dagur	12	M	12	M		12	L		12	Þ		12	Þ	Foreldraviðtöl Dreka	12	F		12	S		12	M		12 F			
13	M	Aðlögun milli deilda	13 F		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	M	Foreldraviðtöl Álfagerði	13	L		13	M		13 F		13 L			
14	Þ	Aðlögun milli deilda	14 F		14	S		14	M	14	F	Litlu jólin	14	M		14	F		14	F	Foreldraviðtöl Álfagerði	14	S	Pálmásunnudagur	14	Þ		14	F	Skrúðganga í tilefni 17. júní	14	S		
15	M	Aðlögun milli deilda	15 L		15	M		15	F	15	L		15	Þ	Spiladagur Vinagerðis	15	F		15	F	Foreldraviðtöl Dreka og Álfa	15	M		15	M		15 L		15 M				
16	F	Aðlögun milli deilda	16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16	Þ		16	F	Dagur íslenskrar tungu	16	S		16	M		16	L		16	L		16	Þ		16 F	Meistarahátíð Útskrift meistara	16	S		16	Þ		
17	F	Aðlögun milli deilda	17 M		17	M		17	L		17	M		17	F		17	S		17	S		17	M		17	F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17	M		
18	L		18 Þ		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	M		18	M		18	F	Skírdagur	18	L		18	Þ		18 F		
19	S		19 M		19	F	Skipulagsdagur LAL 1/2	19	M	19	M		19	L		19	Þ		19	Þ	Skipulagsdagur	19	F	Föstudagurinn langi	19	S		19	M		19 F			
20	M	Aðlögun barna	20 F		20	L		20	Þ	Dagur mannréttinda barna	20	F		20	S		20	M		20	M		20	L		20 M	Skipulagsdagur	20	F		20 L			
21	Þ	Aðlögun barna	21 F	Skipulagsdagur LAL 1/2	21	S		21	M	21	F	Vetrarsólstöður Vasaljós	21	M	Skipulagsdagur	21	F		21	F		21	S	Páskadagur	21	Þ		21	F		21 S			
22	M	Aðlögun barna Skólasetning grunnskóla	22 L		22	M	Foreldraviðtöl Dreka	22	F	22	L		22	Þ		22	F		22	F		22	M	Annar í páskum	22	M		22	L		22 M			
23	F		23 S		23	Þ	Foreldraviðtöl Dreka	23	F	Skipulagsdagur	23	S	Þorláksmessa	23	M	Rafmagnslausedagur	23	L		23	L		23	Þ		23 F	Sumarhátíð Vinagerðis	23	S		23	Þ		
24	F		24 M		24	M	Foreldraviðtöl Álfagerði	24	L		24	M	Aðfangadagur jóla	24	F		24	S	Konudagur	24	S		24	M		24	F		24 M	Vatnavika	24	M		
25	L		25 Þ		25	F	Foreldraviðtöl Álfagerði	25	S		25	Þ	Jóladagur	25	F	Bóndadagur Bóndagrautur	Þorrablót	25	M	Mömmukaffi	25	M		25	F	Sumardagurinn fyrsti	25	L		25	Þ	Vatnavika	25	F
26	S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26	F	Foreldraviðtöl Dreka & Álfa Bangs	26	M	Bangs	26	M	Annar í jólum	26	L		26	Þ		26	Þ		26	F		26	S		26 M	Vatnavika	26	F		
27	M		27 F		27	L	Fyrsti vetrardagur	27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	M		27	L		27	M		27 F	Vatnavika	27	L		
28	Þ		28 F		28	S		28	M		28	F		28	M		28	F		28	F		28	S		28	Þ		28 F	Vatnavika	28	S		
29	M		29 L		29	M	Foreldraviðtöl Tröllagerði	29	F		29	L		29	Þ				29	F		29	M		29	M		29	L		29 M			
30	F		30 S		30	Þ	Foreldraviðtöl Tröllagerði	30	F	Blár dagur	30	S		30	M				30	L		30	Þ	Barnamenningarhátíð	30	F	Uppstigningardagur	30	S		30	Þ		
31	F				31	M			31	M	Gamlársdagur	31	F					31	S					31	F	Grænn dagur					31	M		

Starfsáætlun 2018 – 2019

Leikskólinn Vinagerði



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Gyða Gunnarsdóttir

Stefanía Fanney Jökulsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin lítur vel út. Okkur finnst áherslan á vellíðan barna og starfsfólks mjög jákvæð og mikilvæg. Í starfsáætluninni segir að áfram verði unnið með áherslur á stærðfræði og umhverfismennt, en einnig verði lögð áhersla á að unnið verði með grunnþætti menntunar. Það er jákvæð viðbót, því það felur væntanlega í sér að áhersla á læsi verði augin og er það gott. Leikskólinn hefur tekið upp „Leikur að læra“ og er það mjög spennandi fyrir bæði börn og starfsfólk. Eins er nýbreytnin „barn vikunnar“ mjög skemmtileg.

Í starfsáætlun kemur fram að samstarf við Breiðagerðiskóla og aðra leikskóla í hverfinu verði aukið. Það var þörf á því og börnin njóta góðs af ef það er bætt.

Fjallað er um að innra mat verði gert markvissara. Það er gagnlegt og mun bæta faglegt starf.

Fjallað er um snemmtæka íhlutun. Foreldraráð lítur það mjög jákvæðum augum að leikskólinn ætli sér að hjálpa þeim börnum sem fylgja ekki hópnum þó svo að greining liggi ekki fyrir.

Mikilvægt er að hugsa um heilsuna og því er gott að hann sé skráður í heilsuefandi leikskóla. Mætti endilega kynna það fyrir foreldrum hvað felst í því og hvernig starfið breytist.

Starfsþróunarstefnan er mjög góð, gott að starfsfólk fái tækifæri til að eflast í starfi og auka við þekkingu sína. Einnig verður samstarf á milli deilda bætt sem er mikill plús.

Samstarf milli Vinagerðis og foreldra er gott og jafnvel má bæta upplýsingaflæði fyrir hverja deild og allan leikskólan í heild. Um að gera að fá foreldra til að hjálpa til með söfnun efniviðs til föndurs ef þess þarf.